

**Jafnréttisstofa  
01 313**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymsyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Jafnréttisstofa**

**kt. 710800-2940**

**Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Jafnréttisstofa er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga.

Hlutverk stofnunarinnar er að annast stjórnsýslu á svíði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisvitund, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kyneinkennum eða kyntjáningu nr. 86/2018 og heyrir undir yfirstjórn forsætisráðherra. Hlutverk jafnréttisstofu er skilgreint í 4. grein jafnréttislaganna.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 32 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 161,8 milljónir og afkoma kr. 8,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 50,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jafnréttisstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Jafnréttisstofu fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Katrín Björg Ríkarðsdóttir  
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	136.500.000	118.500.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	24.807.812	13.224.195
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	459.670	425.849
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>161.767.482</b>	<b>132.150.044</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	108.896.654	98.645.762
Annar rekstrarkostnaður .....	5	44.157.381	25.382.314
Afskriftir .....	6	459.670	425.849
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>153.513.705</b>	<b>124.453.925</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		8.253.777	7.696.119
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(8.104)	(16.340)
		(8.104)	(16.340)
	<b>Afkoma ársins</b>	<b>8.245.673</b>	<b>7.679.779</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.094.474	1.552.163
Aðrar eignir .....		43.500	43.500
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>2.137.974</b>	<b>1.595.663</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	47.342.804	19.453.243
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	2.000
Handbært fé .....		1.235.418	942.546
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>48.578.222</b>	<b>20.397.789</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>50.716.196</b>	<b>21.993.452</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		17.505.980	9.260.307
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>17.505.980</b>	<b>9.260.307</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	5.335.160	0
Viðskiptaskuldir .....		13.672.013	318.065
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	11.698.043	10.219.410
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	2.505.000	2.195.670
<b>Skuldir samtals</b>		<b>33.210.216</b>	<b>12.733.145</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>50.716.196</b>	<b>21.993.452</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		8.245.673	7.679.779
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	6	459.670	425.849
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(459.670)	(425.849)
		<hr/>	<hr/>
		8.245.673	7.679.779
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		2.000	8.176.403
Tengdir aðilar .....		(22.787.382)	(17.104.970)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<hr/> 14.832.581	<hr/> (2.332.660)
		<hr/> (7.952.801)	<hr/> (11.261.227)
		<hr/> <hr/> 292.872	<hr/> <hr/> (3.581.448)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(1.001.981)	(614.786)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		69.000	0
		<hr/> (932.981)	<hr/> (614.786)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		232.981	0
Fjárfestingarframlag .....		700.000	614.786
		<hr/> 932.981	<hr/> 614.786
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		<hr/> 292.872	<hr/> (3.581.448)
		<hr/> 942.546	<hr/> 4.523.994
		<hr/> <hr/> 1.235.418	<hr/> <hr/> 942.546

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding; óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2021	2020		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	136.500.000	118.500.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	459.670	425.849		
	<u>136.959.670</u>	<u>118.925.849</u>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	134.900.000	0	0	134.900.000
Millifært úr varasjóð .....	1.600.000	0	0	1.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>136.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>136.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(128.254.327)	0	0	(128.254.327)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>8.245.673</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>8.245.673</b>
	2021	2020		
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	5.997.000	4.100.000		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	18.743.542	8.522.458		
Fræðslustarfsemi og fundir .....	(2.000)	221.000		
Ýmsar tekjur .....	69.270	380.737		
	<u>24.807.812</u>	<u>13.224.195</u>		
<b>4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	86.831.842	79.831.877		
Orlof, breyting .....	1.478.633	(43.917)		
Launatengd gjöld .....	19.596.524	18.217.749		
Starfsmannakostnaður .....	989.655	640.053		
	<u>108.896.654</u>	<u>98.645.762</u>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	7,8	7,5		
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>				
Bækur, ritföng, filmur o.fl. .....	118.884	133.188		
Byggingarvörur, almennar .....	15.270	60.955		
Tæki og búnaður til innréttингa .....	0	3.995		
Ymis tæki og áhöld .....	187.844	145.377		
Orkugjafar .....	23.462	9.790		
Matvæli .....	1.063.605	867.539		
Almennar rekstrarvörur .....	95.355	38.919		
Vörukaup, almenn	1.504.420	1.259.763		

## Skýringar

	2021	2020	
<b>5 Annar rekstrarkostnaður, framhald</b>			
Fundir, námskeið, risna .....	192.207	231.875	
Ferðir, uppihald .....	809.658	1.319.274	
Akstur .....	123.308	152.165	
Sérfræðipjónusta .....	13.631.397	2.609.695	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	10.831	24.806	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	7.886.107	3.261.469	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>81.303</u>	<u>953.898</u>	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	22.734.811	8.553.182	
 Afnotagjöld .....	3.810.607	3.694.049	
Leigugjöld .....	11.485.823	11.022.619	
Verkkaup .....	4.011.670	226.599	
Kostnaðarhlutdeild .....	115.809	123.586	
Opinber gjöld .....	<u>494.241</u>	<u>502.516</u>	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	19.918.150	15.569.369	
 Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>44.157.381</u>	<u>25.382.314</u>	
<b>6 Afskriftir</b>			
Áhöld, tæki og búnaður .....	459.670	345.383	
Sölutap og úreltar eignir .....	<u>0</u>	<u>80.466</u>	
	<u>459.670</u>	<u>425.849</u>	
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.094.474	1.552.163	
Aðrar eignir .....	<u>43.500</u>	<u>43.500</u>	
	<u>2.137.974</u>	<u>1.595.663</u>	
 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:			
	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða 01.01.2021 .....	4.087.680	43.500	4.131.180
Viðbætur á árinu .....	1.001.981	<u>0</u>	1.001.981
Selt/úrelt á árinu .....	<u>(940.883)</u>	<u>0</u>	<u>(940.883)</u>
	4.148.778	43.500	4.192.278
 Afskriftir 01.01.2021 .....	2.535.517	0	2.535.517
Afskrift ársins .....	459.670	<u>0</u>	<u>459.670</u>
Selt/úrelt á árinu .....	<u>(940.883)</u>	<u>0</u>	<u>(940.883)</u>
	2.054.304	0	2.054.304
 Staða 31.12.2021 .....	<u>2.094.474</u>	<u>43.500</u>	<u>2.137.974</u>

# Skýringar

31.12.2021      31.12.2020

## 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	36.519.708	15.889.932
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	<u>10.823.096</u>	<u>3.563.311</u>
	<b>47.342.804</b>	<b>19.453.243</b>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	5.335.160	0
	<b>5.335.160</b>	<b>0</b>

## 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	9.260.307	1.580.528
Afkoma ársins .....	<u>8.245.673</u>	<u>7.679.779</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<b>17.505.980</b>	<b>9.260.307</b>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## 10 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreitt orlof .....	11.698.043	10.219.410
	<b>11.698.043</b>	<b>10.219.410</b>

## 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.137.974	1.595.663
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	<u>367.026</u>	<u>600.007</u>
	<b>2.505.000</b>	<b>2.195.670</b>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	1.595.663	600.007	2.195.670
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	700.000	700.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	69.000	69.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1.001.981	(1.001.981)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(459.670)</u>	<u>0</u>	<u>(459.670)</u>
	<b>2.137.974</b>	<b>367.026</b>	<b>2.505.000</b>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

# Skýringar

## 12 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2029. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 12,2 milljónum.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.